

**46. fundur byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, föstudaginn 5. júlí 2013
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ármann Halldórsson (ÁH) Embættismaður, Aðalsteinn Magnússon (AM)
Aðalmaður, Guðlaug Björgvinsdóttir (GB) Aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ)
Varamaður.

Fundargerð ritaði: Ármann Halldórsson, byggingafulltrúi

Byggingarfulltrúi óskar eftir því að taka dagskráliði nr 5 og 8 fyrir með
afbrygðum. Samþykkt samhljóða

Dagskrá:

1. 1304045 - Umsókn um stækkun lóðar

Erindi frá Bjarna Einarssyni íbúa við Túngötu 28, Tálknafirði. Í erindinu
óskar Bjarni eftir því að fá lóðina við Túngötu 28 landnúmer 140367
stækkaða um 4 m til suðurs undir matjurtagarð. Lóðin er skráð 750 m² í
fmr. Eftir stækkun í 910 m² skv. drögum að nýjum lóðaleigusamningi.
Fyrirhuguð óskráð lóð til suðurs getur orðið 700 m². Verði lóðin við
Túngötu 28 stækkuð um 4 m til suðurs mun óskráða lóðin minna um 130
m².

Byggingarnefnd hafnar erindinu á grundvelli þess að stækkunin myndi gera
hina óskráðu lóð ónothæfa undir einbýlishús.

2. 1306081 - Ný náma við Hálfán

Tekin fyrir uppdráttur dagsettur 28. júní 2013 af fyrirhuguðu efnistökusvæði
við Hálfán við Vestfjarðarveg nr. 63. Um er ræða 4 ha. svæði og
fyrirhuguðu efnistaka er 4.000 m³ ári næstu 5-6 ár. Skipulagsfulltrúa falið að
óska eftir umsögnum viðeigandi stofnanna við veitingu framkvæmdaleyfis
til efnistöku í samræmi 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr.
123/2010. Ástæðan fyrir veitingu undanþágunnar er vöntun sem á efni til
viðhalds á vegum á svæðinu.

Byggingarnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis með fyrirvara um
samþykki og að undangengnum ofangreindra meðmæla.

3. 1306076 - Ósk eftir leyfi til að rífa Flugskýli v/Tálknafjh 212-4600

Erindi frá Einari Ólafi Steinssyni kennitölu vantar. Í erindinu er óskað eftir
leyfi til niðurrifs á flugskýli í Tálknafirði fastanúmer 212-4600 og landnúmer
140426.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um leyfi
þinglýsts eiganda og þeim skilyrðum að húsin séu án veðbanda og úrgangi
verði fargað á viðurkenndum förgunarstað.

4. 1306074 - Ósk um úrbætur á rotþró við Skóga.

Erindi frá Níelsi A. Ársælssyni kennitölu vantar. Í erindinu er óskað eftir úttekt og endurbótum á rotþró við Skóga númer vantar. Byggingarnefnd bendir á að ekki eru lögð fráveitugjöld á fasteignir nr. 222-3742 sem kennd eru við Skóga í Eyrarhúsalandi landnúmer 175247I, Tálknafirði.

Byggingarnefnd hafnar erindinu og bendir á skildur landeiganda í fráveitumálum og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar "LEIÐBEININGAR UM ROTPRÆR OG SITURLAGNIR Meðferð skólps frá stökum húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis".

5. 1306070 - Umsókn um byggingarleyfi Móatún 9 .

Erindi frá Huga Jónssyni. Í erindinu er óskað eftir byggingarleyfi fyrir bílskúr við Móatún 9. Landnúmer 140338. Erindinu fylgja teikningar unnar af Ósk Soffíu Valtýsdóttir arkitekt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um leyfi nágranna og fullnægjandi hönnunargögn.

6. 1303050 - Breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 vegna breytrar landnotkunar í Norðurbotni og ný náma við Hálfán

Tálknafjarðarhreppur vinnur nú að breytingum á aðalskipulagi 2006-2018. Tekin er fyrir greinargerð dagsett 5. júní 2013 unnin af Landmótun. Greinargerðinni fylgir uppdráttur. Um er að ræða breytingu á þremur iðnaðarsvæðum í landi Norður-Botns. Í fyrsta lagi er afmörkun borhola. Í öðru lagi nýtt svæði fyrir fiskeldi í Botnsdal sem er stækkun á svæði I3 þar sem er þegar fyrir fiskeldi og heitavatnsholur. Í þriðja lagi 25-40 kW smávirksjun í Keldá. Enn fremur er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði á Hálfáni við Bíldudalsveg nr. 63. Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar var unnin skipulagsskýsing og var hún auglýst skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í athugasemd sem barst var gerð athugasemd við gefna framleiðslugetu smávirksjunar í Norðurbotni eins og henni er lýst í skipulagsskýsingunni og óskað að hún fari í umhverfismat. Framleiðslugeta smávirksjunarinnar hefur verið leiðrétt í samræmi við athugasemdir verður hún 25-40 kW og stærð lóns 30 m². Virksjunin fellur ekki undir a. lið VI. kafla 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og verður því ekki unnið mat á umhverfisáhrifum vegna virksjunarinnar. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Fiskistofu, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Tekið var mið af umsögnum umsagnaraðila við gerð breytingarinnar.

Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 31 gr. skipulagslaga nr.123/2010

7. 1307005 - Umsókn um byggingarleyfi.

Erindi frá Bjarna Jónssyni, kt. 220672-3609. Í erindinu er óskað eftir byggingarleyfi fyrir bílskúr við Miðtún 7, landnúmer 140321. Erindinu fylgja teikningar unnar af teiknistofnunni GINGI.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um leyfi nágretta og fullnægjandi hönnunargögnum.

8. 1307018 - Deiliskipulag virkjun Keldár

Deiliskipulag vegna virkjunar í Keldeyrarár í Tálknafirði tekin fyrir. Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð og uppdrætti. Deiliskipulagstillagan er unnin af teiknistofnunni Eik og er dagsett í júní 2013. Markmið framkvæmdarinnar er að virkja rennsli Keldeyrarár í Tálknafirði. Virkjun Keldeyrarár er það lítil að hún er ekki tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2006. Stærð skipulagssvæðisins, sem er í landi Eysteinsyrar og Norður-Botns í Tálknafirði, er rúmir 13 ha. Deiliskipulagið tekur til svæðis umhverfis neðsta hluta Keldeyrarár, en landamerki jarðanna liggja um hana. Að öðru leyti liggur skipulagssvæðið fjarri landamerkjum, en þó er landspildan Hjallatún um 0,5 km sunnan við svæðið.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 1207047 - Deiliskipulag Norður - Botn

Deiliskipulag vegna Norður-botns í Tálknafirði tekin fyrir. Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttum 1 og 2. Deiliskipulagstillagan er unnin af teiknistofnunni Eik, dagsett í júní 2013. Markmið framkvæmdarinnar er að stækka núverandi fiskeldisstöð í landi Norður-Botns 1. Stærð skipulagssvæðisins, sem er í landi Norður-Botns í botni Tálknafjarðar, er um 130 ha. Deiliskipulagið tekur til svæðis í botni fjarðarinnar frá Keldeyri, um heimatúnin vestur fyrir Botnsá og fram dalinn þar sem núverandi borholur og vatnslagnir eru. Hjallatún er utan skipulagssvæðisins sem liggur að öðru leyti fjarri landamerkjum. Fiskeldi er þegar starfrækt í þremur byggingum sem standa á heimatúni Norður-Botns. Eldistjarnir eru í fjörunni neðan bygginganna og á Keldeyri.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
